

44. stjórnarfundur Bergrisans bs.

14.09.2022

Fjarfundur hefst kl. 13:00 á Teams

Mætt:

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Anton Kári Halldórsson, Ingibjörg Garðarsdóttir, Heiða Ösp Kristjánsdóttir, Svava Davíðsdóttir og Íris Ellertsdóttir sem ritar fundargerð. Gestir fundarins eru þeir Haraldur L. Haraldsson, HLH ráðgjöf og Stefán Veturliðason, VSB ráðgjöf.

Dagskrá

Íbúðakjarni að Nauthaga 2

Drög að rekstraráætlun

Haraldur L. Haraldsson, HLH ráðgjöf, fer yfir forsendur rekstraráætlunar. Fyrri drög tóku mið af greiðslum skv. verksamningi við verktaka. Gatnagerðargjöld, sem verkkaupi greiðir beint voru ekki meðtalin né áætlaðrar endurgreiðslu virðisaukaskatts. Mun HLH ráðgjöf uppfæra áætlunina og kynna hana fyrir stjórn þann 26. september nk.

Samningur vegna byggingar íbúðakjarna

Í kjölfar alútbóðs og tillagna matsnefndar um byggingu nýs íbúðakjarna ákvað stjórn Bergrisans bs., fyrir hönd Arnardrangs hses., að gengið verði til viðræðna við Mineral ehf. um byggingu kjarnans. Viðræður aðila eru nú á lokastigum. Stjórn Bergrisans og Stefán Veturliðason fóru yfir loka samningsdrög við verksala. Heildarsamningsfjárhæð eru kr. 265.970.000. Stjórnin samþykkti samninginn fyrir hönd Arnardrangs hses. og var Stefáni Veturliðasyni falið að tilkynna Mineral ehf. ákvörðunina.

Arnardrangur hses. aukafundur stofnenda

Haldinn verður aukafundur stofnenda Arnardrangs hses. þar sem lagðar verða til breytingar á samþykktum félagsins, sem samþykktar voru á stofnfundi 13. apríl. 2022. Jafnframt verður óskað eftir staðfestingu eigenda félagsins á kosningu stjórnar Arnardrangs sem áður var samþykkt á auka aðalfundi Bergrisans bs. 30. júní 2022. Verkefnastjóri Bergrisans bs. boðar til fundarins fyrir hönd stjórnarformanns Arnardrangs hses. og Bergrisans bs.

Fundi slitið kl. 14:00